

hlutir í vélarúmi einkum rafalar, mótórar , þil loft, þaktir olíufilmu. Nú í dag hefur orðið mikil breyting hvað þetta varðar.

Öndun frá sveifarhúsi upp á dekk og pallur þar fyrir neðan var áður þakinn olíusora en er nú alveg hreinn í dag, þar sem öndunin er tekin í gegnum OGS-2.

Túrbína og skolloftkælir ættu að vera hreinni þar sem loftgæði hafa aukist verulega, ekki fullrannsað en vísbendingar eru um að svo sé.

Tekinn var upp stimpill á sama tíma og OGS-2 var sett niður, við skoðun kom í ljós að lakkering var tekinn að myndast innan í slíf, áður vorum við búnir að skoða alla vélina í gegnum spíssagöt með skopesjá og vorum búnir að sjá lakkeringu á öllum slífum.

Í vor þurftum við að taka upp dexel vegna kælivatnsleka, lakkering á slífinni var minni en búast mátti við og gæti það verið vísbending um að lakkering minnki við notkun OGS-2 einnig að lakkering fyrir OGS-2 eyðist

Almennt er reynslan af OGS-2 mjög góð og ég get vottað að þetta er tæki sem gerir gagn.

1. Smurolíunotkun minnkar
2. Loftgæði aukast
3. Vinnuföt og vélstjórar lykta ekki af olíu
4. Vélarúm hreinna og notkun hreinsiefna minni.
5. Vísbending um að lakkering minnki við notkun OGS-2
6. Hægt að fylgjast með niðurblestri (tíðnibreytir tölvuskráning)
7. Sveifarhús öndun upp á dekk rofin (ekki lengur olíusora á dekki „mengun“)
8. Hægt að skilja vatn sem hefur komist í smurolíu.
9. OGS 2 er með alsjálfvirka stjórnun
10. Heilsuvernd fyrir vélstjóra.
11. . Viðhald ekkert og bilanir engar á tímabilinu.
12. Minna af olíusora í botni vélarúms, sem þarf að koma í land.



Sigurður Runar Sigurðsson
Yfirvélstjóri

Sigurður R. Sigurðsson

Ásbjörn RE-50 á leið til veiða. Tryggt að Harpan verði ekki fyrir mengun með notkun OGS-2